

*Uppruni vara

Úrskurður nr. 16/2004

Kærður er úrskurður tollstjórans í Reykjavík þar sem innflytjanda er gert að greiða A toll vegna innflutnings á vörum þar sem könnun leiddi í ljós að seljandi vörunnar gat ekki sýnt fram á fríðindauppruna hennar. Kærandi gerir kröfu um að úrskurði tollstjóra verði hrundið. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Lög nr. 55/1987 tollalög 100.gr. 101. gr. Vaxtalög, nr. 25/1987, með síðari breytingum, Lög um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001. Bókun 4 við EES-samninginn

Með bréfi, dags. 18. nóvember 2004, sem barst nefndinni 23. s.m. kærir L. f.h. A. úrskurð tollstjóra dags. 22. september 2004, þar sem innflytjanda er gert að greiða A toll af innflutningi en rannsókn tollyfirvalda hafði leitt í ljós að seljandi vörunnar gat ekki sýnt fram á að hún ætti að njóta upprunafriðinda. Í hinum kærða úrskurði eru gjöld endurákvörðuð til hækkunar á fjórum sendingum: E LAG 02 11 8 GB IMM J009, E LAG 23 08 9 GB IMM J100, E HAD 28 02 0 GB IMM J035, E LAG 23 10 0 GB IMM J033 og til lækkunar á sendingu S ARN 07 03 1 GB IMM W005. Kærandi gerir þá aðalkröfu að ákvörðun tollstjóra til hækkunar gjalda verði hrundið en til vara að hún verði lækkuð þar sem verulegur dráttur hafi verið á málsmeðferðinni. Þá er krafist málskostnaðar.

Í kærinni og fylgigögnum hennar kemur fram að seljandi vörunnar er S. Imports Wholesale Limited í Englandi. Með áritun sinni á vörureikningana lýsi seljandi vörunnar því yfir og staðfesti að uppruni vörunnar sé á evrópska efnahagssvæðinu (Evrópusambandslöndum) svo sem viðgengst í venjubundnum viðskiptum milli Íslands og Englands. Við innflutning vörunnar hafi innflytjandi verið í góðri trú um að varan nyti tollfríðinda. Þá er vakin athygli á að íslenska ríkið hafi fengið greitt alls kr. 1.945.444 í gjöld vegna þessara vörusendinga (vídeóspólur – óátekna) Þá telur kærandi rétt að fram komi að sá óheyrilegi dráttur sem hafi verið á meðferð íslenskra tollyfirvalda vegna þessa máls m.a. í ljósi þess að innflytjandinn afhenti öll tilskilin gögn til yfirvalda við tollafgreiðslu umræddra vörusendinga. Ekki sé um SMT tollafgreiðslu að ræða. Skv. 2. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 (TL.) "skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð". Frá því að fyrsta vörusendingin (allar vörusendingar sambærilegar) var tollafgreidd eru liðnir u.þ.b. 1.750 dagar eða tæp 5 ár.

Þá vekur kærandi sérstaklega athygli á afgreiðslu breskra tollyfirvalda í máli þessu þar sem í bréfi þeirra til íslenskra tollyfirvalda, dags. 28. mars 2003, komi m.a. fram að seljandi vörunnar hafi ekki getað framvísað "sönnunargögnum" (evidence) um uppruna vörunnar. Síðan segi í greindu bréfi: "The exporter has been educated and it is hoped that no further errors will occur" (m.ö.o. útflytjandinn hefur verið uppfræddur og vonast er til að frekari villur muni ekki eiga sér stað).

Kærandi vekur athygli á að þar sem svo langur tími sé liðinn frá tollafgreiðslu vörusendinganna sé varan löngu seld, og því sé innflytjanda ómögulegt að leiðrétta söluverðið og endurkrefja seljanda vörunnar um viðbótaraðflutningsgjöld, vegna villu eða mistaka hans sjálfs. Það sé seljandi vörunnar sem beri fulla ábyrgð á að pappírar séu réttir en ekki innflytjandi vörunnar. Kærandi telur að málsmeðferðin sé í andstöðu við anda stjórnsýslulaga, almennar réttarfarsreglur og alþjóðasamninga um hraða málsmeðferð og skipti þá ekki máli hvort formlegar heimildir tollyfirvalda til endurákvörðunar séu til staðar. Heimild í tollalögum til endurákvörðunar sér íþyngjandi undantekningarákvæði sem ber að túlka mjög þröngt sem beri einungis að beita í þeim tilvikum þegar innflytjandi gangi beinlínis á svig við tollalög af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi, en því er ekki til að dreifa í þeim tilvikum sem hér um ræðir. Kærandi krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Verði ekki fallist á aðalkröfuna er til vara krafist m.a. með hliðsjón af málsatvikum og þeim gífurlega drætti sem orðið hefur á máli þessu að allir endurákvörðuðir dráttarvextir, samtals að fjárhæð kr. 128.527,-, verði felldir niður. Þá er krafist málskostnaðar.

Í hinum kæraða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfum embættis dags. 16. september 2003, 9. júní s.l. og 30. júní s.l., hafi innflytjanda verið gerð grein fyrir því að fyrirhuguð væri endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga,

	Reikn.nr:	Tollflokkur:
E LAG 02 11 8 GB IMM J009	45195	8523-1302
E LAG 23 08 9 GB IMM J100	5045	8523-1302
E HAD 28 02 0 GB IMM J035	9078	8523-1302
E LAG 23 10 0 GB IMM J033	13714	8523-1302
S ARN 07 03 1 GB IMM W005	16604	8523-1321

Ástæða endurákvörðunar er sú að eftirlitsdeild embættisins gerði athugasemd við tollafgreiðslu framangreindra sendinga. Sendir voru, í upprunakönnun til breskra tollyfirvalda reikningar nr. 45195, 5045, 9078, 13714 og 16604 sem hafði verið framvísað með ofangreindum sendingum. Í svarbréfi breskra tollyfirvalda, kemur fram að hinn erlendí seljandi varanna, hafi ekki getað sýnt fram á fríðindauppruna þeirra. Með vísan til þessa geta vörurnar því ekki notið fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins. Embættið telur því vera um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða af sendingum E LAG 02 11 8 GB IMM J009, E LAG 23 08 9 GB IMM J100, E HAD 28 02 0 GB IMM J035 og E LAG 23 10 0 GB IMM J033.

Við nánari skoðun á sendingu S ARN 07 03 1 GB IMM W005, sem afgreidd var á pappír, kom í ljós að við tollafgreiðslu sendingarinnar hafði verið gerð athugasemd við uppruna vöru á reikningi nr. 16604 en vara þessi var tilgreind í tollflokki 8523.1321 á aðflutningsskýrslu og verð hennar GBP 1.048,32. Innflytjandi skilaði inn leiðréttari skýrslu þar sem að tilgreindur var A-tollur og varan var sögð upprunnin í Suður Kóreu. Mistök urðu við skráningu skýrslunnar í tölvukerfi embættisins þar sem að leiðréttar upplýsingar voru skráðar við tollflokk 9613.1000 en verð þess tollflokks er tilgreindur GBP 2.736,00 á innflutningsskýrslu. Ljóst er því að innflytjandi hefur við tollafgreiðslu umræddrar sendingar ofgreitt aðflutningsgjöld og kemur sú fjárhæð því til endurgreiðslu.

Hafi fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins verið gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta.

Fram kemur í hinum kærða úrskurði tollstjóra að í bréfi lögmanns innflytjanda sé vikið að því að dráttur hafi verið á málsmeðferð íslenskra tollyfirvalda og að innflytjandi hafi afhent öll tilskilin gögn til tollyfirvalda við tollafgreiðslu umræddra vörusendinga. Einnig komi fram hjá lögmanninum að ekki sé um SMT tollafgreiðslu að ræða og telur hann að 2. mgr. 99. gr. tollalaga eigi við í máli þessu þ.e. að tollstjóri skuli hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

Hvað varðar framangreind andmæli lögmanns innflytjanda þá telur tollstjóri að þótt framlögð gögn hafi verið formlega rétt þá hafi þau reynst vera efnislega röng, þ.e. ekki var um upprunavöru að ræða þegar öllu var á botninn hvolft. Eðli málsins samkvæmt hlýtur krafa um efnislega rétt gögn að ganga framur formkröfunni. Tollstjóri telur ljóst að framlögðum gögnum hafi verið áfátt og því hafi ekki verið unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, komi fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Tollstjóri fellst ekki á það með lögmanni innflytjanda, að tollstjóri skuli hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, enda sé skýrt tilgreint í 5. mgr. 99. gr. tollalaga að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. sé tollstjóra heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látnin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga. Samkvæmt upplýsingum embættisins séu sendingar E LAG 02 11 8 GB IMM J009, E LAG 23 08 9 GB J100 og E LAG 23 10 0 GB IMM J003 afgreiddar með EDI tollafgreiðslu sem sé rafræn tollafgreiðsla sambærileg SMT tollafgreiðslu. Um þær sendingar gildir því einnig 3. tl. 5. mgr. tollalaga um að tollstjóra sé heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi. Ljóst sé að dráttur hafi orðið á afgreiðslu máls þessa og tekur embættið tillit til þess við útreikning dráttarvaxta, en dráttarvextir eru reiknaðir til 15. október 2003.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að um upprunavörur gildi bókun 4 við EES-samninginn. Í 1. mgr. 15. gr. bókunar 4 við EES-samninginn, komi fram að við innflutning til eins samningsaðila skuli upprunavörur í skilningi bókunar 4 njóta hags af samningnum gegn framvísun upplýsingar útflytjanda, sem gefin er á vöru-reikningi, afhendingarseðli eða öðru viðskiptaskjali sem lýsir viðkomandi vöru nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á hana, sbr. b-lið

greinarinnar. Ljóst sé að yfirlýsingar þess efnis voru á reikningum þeim sem mál þetta varðar. Í 2. mgr. 20. gr. bókunar 4, V. bálk, kemur fram að heimilt sé að gefa út yfirlýsingu á vörureikning ef viðkomandi framleiðsluvörur teljast upprunavörur á EES eða í einu landanna sem um getur í 3. gr. bókunar 4 og fullnægja öðrum kröfum bókunar 4. Í bréfi breskra tolyfirvalda, dags. 28. mars 2003, kemur fram að seljandi vara þeirra sem mál þetta varðar hafi ekki getað sýnt fram á fríðindauppruna umræddra vara og því telur tollstjóri að ekki hafi verið sýnt fram á að umræddar vörur séu upprunavörur. Tollstjóri lítur svo á að því hafi upprunayfirlýsing á umræddum reikningum ekki verið rétt, ekki hafi verið heimilt að gefa hana út og því séu upprunayfirlýsingarnar marklausar. Það sé útgefanda yfirlýsingar að sanna það gagnvart tolyfirvöldum útflutningslandsins að vara sem hann hefur flutt út og gefið út eða fengið útgefna upprunasönnun fyrir, e.a. yfirlýsingu á reikning eða EUR. 1 skírteini, fullnægji skilyrðum fríverslunarsamningsins. Geti hann það ekki var honum óheimilt að gefa slíkar yfirlýsingar, sbr. 3. mgr. 16. gr., 3. mgr. 20. gr., 27. gr. og 28. gr. bókunar 4 við EES-samninginn. Um gagnkvæma aðstoð tolyfirvalda, sannprófun vegna sönnunar á uppruna og viðurlög við röngum upplýsingum gilda ákvæði 2. mgr. 31. gr., 32. gr. og 35. gr. framangreindrar bókunar.

Tollstjóri mótmælir því að innflytjandi beri ekki ábyrgð í þessu máli. Það sé skýrt í 1. mgr. 99. gr. tollalaga að tollstjóri skuli endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Einnig ber innflytjandi ábyrgð á því að þær upplýsingar sem veittar séu við tollafgreiðslu vöru séu réttar, sbr. 16. gr. tollalaga. Möguleg endurkrafa innflytjanda á seljanda sé óviðkomandi tolyfirvöldum.

Þá segir að eins og að framan sé rakið hafi verið tekið tillit til þess við útreikning dráttarvaxta að mál þetta hafi dregist. Ljóst sé að skýr lagaheimild er í 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, um að tollstjóra sé, í vissum tilvikum, heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi.

Tollstjóri telur að það hafi verið vilji löggjafans með heimildarákvæði 5. mgr. 99. gr. tollalaga að leggja það í hendur tollstjóra að meta í hverju tilfelli brot og hvort til endurákvörðunar kæmi. Þessu til stuðnings vísar tollstjóri til dóms Hæstaréttar Íslands nr. 386/2003 frá 27. maí 2004 en þar komi fram að skýra beri 5. mgr. 99. gr. tollalaga eftir orðanna hljóðan, og í ljósi þessa telur tollstjóri ekki rétt að ásetningur eða störfellit gáleysi þurfi að koma til svo umræddu ákvæði verði beitt, með vísan til orðalags ákvæðisins. Í því tilviki sem hér um ræðir sé ekki unnt að líta fram hjá niðurstöðu breskra tolyfirvalda og því beri að endurákvæða aðflutningsgjöldin.

Í ljósi alls framangreinds telur tollstjóri sér heimilt að endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld þar sem þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu, sbr. 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilað að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga. Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að ákvörðun um endurákvörðun aðflutningsgjalda sé byggð á 1. mgr. og 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna komi fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. **E LAG 02 00 8 GB IMM J009** er sem hér segir:

10% almennur tollur	15.924,00
Virðisaukaskattur	3.901,00
Dráttarvextir til 15.10.03.	24.720,00
Samtals.	44.545,00

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. **E LAG 23 08 9 GB IMM J100** er sem hér segir:

10% almennur tollur	38.476,00
Virðisaukaskattur	9.427,00
Dráttarvextir til 15.10.03	48.884,00

Samtals. 96.787,00

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. **E HAD 28 02 0 GB IMM J035** er sem hér segir:

10% almennur tollur	38.949,00
Virðisaukaskattur	9.542,00
Dráttarvextir til 15.10.03	42.175,00

Samtals. 90.666,00

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. **E LAG 23 10 0 GB IMM J033** er sem hér segir:

10% almennur tollur	14.267,00
Virðisaukaskattur	3.495,00
Dráttarvextir til 15.10.03	12.748,00

Samtals. 30.510,00

Upphæð ofgreiddra gjalda sem koma til **endurgreiðslu** vegna sendingar nr. **S ARN 07 03 1 GB IMM W005** er sem hér segir:

10% almennur tollur	-13.284,00
Virðisaukaskattur	-3.255,00
Innvextir	-3.946,00

Samtals. -20.486,00

Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. tollalaga og 7. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, er eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið vegna tollmeðferðar á vöru og tollstjóri leyft afhendingu á, tollafgreiðsludagur varanna. Dráttarvextir reiknast frá eindaga til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 með bréfi þann 24. nóvember 2004. Í svari sem barst nefndinni þann 17. desember s.á. segir tollstjóri m.a. að kæra lögmanns innflytjanda feli í meginatriðum ekki í sér efnislega nýjar röksemdir umfram það sem fram kom í bréfi hans, dags. 15. júlí 2004 og tekur undir rökstuðning hins kæraða úrskurðar embættisins, dags. 22. september s.l.

Tollstjóri vísar til þess að um upprunavörur gildi bókun 4 við EES-samninginn. Í 1. mgr. 15. gr. bókunar 4 við EES-samninginn, komi fram að við innflutning til eins samningsaðila skulu upprunavörur í skilningi bókunar 4 njóta hags af samningnum gegn framvísun yfirlýsingar útflytjanda, sem gefin er á vörureikningi, afhendingarseðli eða öðru viðskiptaskjali sem lýsir viðkomandi vöru nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á hana, sbr. b-lið greinarinnar. Ljóst er að yfirlýsingar þess efnis voru á reikningum þeim sem mál þetta varðar. Í 2. mgr. 20. gr. bókunar 4, V. bálk, kemur fram að heimilt sé að gefa út yfirlýsingu á vörureikning ef viðkomandi framleiðsluvörur teljast upprunavörur á EES eða í einu landanna sem um getur í 3. gr. bókunar 4 og fullnægja öðrum kröfum bókunar 4. Samkvæmt bréfi breskra tollyfirvalda, dags. 28. mars 2003, gat seljandi vöru þeirrar er mál þetta varðar ekki sýnt fram á fríðindauppruna umræddra vara og því telur embættið að ekki hafi verið sýnt fram á að umræddar vörur séu upprunavörur. Að mati tollstjóra eru því upprunayfirlýsingar á umræddum reikningum ekki réttar og ekki hafi verið heimilt að gefa hana út á umrædda reikninga. Því sé umrædd upprunayfirlýsing marklaus. Skýrt sé kveðið á um það í bókun 4 við EES

samninginn að það sé útgefanda yfirlýsingar að sanna það gagnvart tollyfirvöldum útflutningslandsins að vara sem hann hefur flutt út og gefið út eða fengið útgefna upprunasönnun fyrir, e.a. yfirlýsingu á reikning eða EUR.1 skírteini, fullnægi skilyrðum fríverslunarsamningsins. Geti hann það ekki var honum óheimilt að gefa slíkar yfirlýsingar, sbr. 3. mgr. 16. gr., 3. mgr. 20. gr., 27. gr. og 28. gr. bókunar 4 við EES-samninginn. Um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda, sannpröfun vegna sönnunar á uppruna og viðurlög við röngum upplýsingum gilda ákvæði 2. mgr. 31. gr., 32. gr. og 35. gr. framangreindrar bókunar. Þá telur tollstjóri að góð trú innflytjanda um að vörur í umræddum sendingum nytu fríðindameðferðar breyti því ekki að samkvæmt bréfi frá breskum tollyfirvöldum, dags. 28. mars 2003, hafi hinn erlendi seljandi vörunnar ekki getað fært sönnur á að umræddar vörur fullnægðu skilyrðum til að teljast upprunavörur, sbr. skilyrði bókunar 4 við EES samninginn og því hafi umræddar vörur í raun ekki átt rétt á fríðindameðferð. Einnig sé skýrt kveðið á um það í 5. mgr. 99. gr. og 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga að tollstjóra sé heimilt að endurákværða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga.

Hvað varðar þann drátt á málsmeðferð sem lögmaður innflytjanda telur að hafi orðið og að skjölin hafi ekki verið afgreidd í SMT afgreiðslu segir tollstjóri m.a. að þótt framlögð gögn hafi verið formlega rétt þá hafi þau síðar reynst efnislega röng. Seljandi hennar gat ekki fært sönnur á að hún uppfyllti skilyrði til að teljast upprunavara. Tollstjóri telur að eðli máls samkvæmt hljóti krafa um efnislega rétt gögn að ganga framur formkröfunni. Ljóst sé að framlögðum gögnum var áfátt og því hafi ekki verið unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Ekki sé unnt að beita 2. mgr. 99. gr. tollalaga í máli þessu eins og kærandi fer fram á. Skýrt sé tilgreint í 5. mgr. 99. gr. og 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. sé tollstjóra heimilt að endurákværða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga. Tollstjóri telur að heimilt sé að endurákværða aðflutningsgjöld framangreindra sendinga með vísan til 5. mgr. 99. gr. tollalaga og þá sérstaklega með vísan til 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Þá bendir hann á að sendingar E LAG 02 11 8 GB IMM J009, E LAG 23 08 9 GB J100 og E LAG 23 10 0 GB IMM J003 séu afgreiddar með EDI tollafgreiðslu sem sé rafræn tollafgreiðsla og feli í sér SMT tollafgreiðslu. Því gildi einnig 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga um þessa vöru.

Hvað varðar það atriði í kærinni að umrædd vara hafi verið seld og ómögulegt sé fyrir innflytjanda að leiðrétta þessa villu og að seljandi vörunnar beri hér fulla ábyrgð en ekki innflytjandi telur tollstjóri að fullljóst sé hver sé innflytjandi vara í umræddum sendingum og skýrt sé tilgreint í 1. mgr. 99. gr. tollalaga að tollstjóri skuli endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Þá er í 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga einnig kveðið á um það að þegar endurákvörðun aðflutningsgjalda sé byggð á því að framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, hafi verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda, þá skipti í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti gagna eða upplýsinga. Innflytjandi beri ábyrgð á því að þær upplýsingar sem veittar séu við tollafgreiðslu vöru séu réttar, sbr. 16. gr. tollalaga.

Kærandi heldur því fram að málsmeðferðin sé í andstöðu við anda stjórnsýslulaga, almennar réttarfarsreglur og alþjóðasamninga um hraða málsmeðferð og ekki sé unnt að byggja heimildir til endurákvörðunar allt að 6 ár aftur í tímann þar sem um sé að ræða heimild sem sé íþyngjandi undantekningarákvæði sem túlka beri mjög þröngt. Einungis beri að beita henni í þeim tilvikum einum þar sem innflytjendur ganga beinlínis á svig við tollalög af ásetningu eða stórfelldu gáleysi og því sé ekki til að dreifa í þessu máli. Tollstjóri segir að ljóst sé að skýr lagaheimild sé í 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, um að tollstjóra sé, í vissum tilvikum, heimilt að endurákværða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi. Telur tollstjóri að það hafi verið vilji löggjafans með heimildarákvæði 5. mgr. 99. gr. tollalaga að leggja það í hendur tollstjóra að meta í hverju tilfalli brot og hvort til endurákvörðunar kæmi. Tollstjóri vísar til dóms Hæstaréttar Íslands nr. 386/2003 frá 27. maí 2004 en í honum kemur fram að skýra beri 5. mgr. 99. gr. tollalaga eftir orðanna hljóðan. Í ljósi þessa telur tollstjóri ekki rétt að ásetningur eða stórfellt gáleysi þurfi að koma til svo

umræddu ákvæði verði beitt, með vísan til orðalags ákvæðisins. Ekki sé unnt að líta fram hjá niðurstöðu breskra tollyfirvalda og því beri að endurákvæða aðflutningsgjöldin. Tollstjóri segir að tekið hafi verið tillit til tafa sem urðu á málsmeðferð hjá embættinu við útreikning dráttarvaxta í hinum kærða úrskurði.

Hvað varðar kröfu lögmanns kæranda um að endurákvörðun aðflutningsgjalda verði lækkuð verulega þá fellst tollstjóri ekki á slíkt. Hvergi í tollalögum sé að finna heimild til þess að lækka endurákvörðun aðflutningsgjalda. Þá telur tollstjóri ekki unnt að fallast á niðurfellingu allra dráttarvaxta í málinu þar sem skýrt sé kveðið á um það í 7. mgr. 99. gr. tollalaga að um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum gildi ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum, sbr. nú lög um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001. Hvergi sé í tollalögum að finna heimild til handa embættinu að fella niður dráttarvexti, en þrátt fyrir það voru dráttarvextir í máli þessu aðeins reiknaðir til 15. október 2003 þar sem tafir urðu á málinu. Voru dráttarvextir því reiknaðir frá tollafgreiðsludegi hvernar sendingar til þess dags er 30 dagar voru liðnir frá því að fyrsta bréf embættisins um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda var sent innflytjanda, þ.e. til 15. október 2003. Embættið telur því að það hafi nú þegar komið til móts við innflytjanda varðandi þær tafir sem urðu á málinu.

Að lokum hafnar tollstjóri alfarið kröfu lögmanns innflytjanda um málskostnað enda séu ekki neinar lagaheimildir til varðandi slíkar ákvarðanir til handa ríkistollanefnd.

Tollstjóri krefst þess að hinn kæri úrskurður, um endurákvörðun aðflutningsgjalda, frá 22. september 2004, verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi, dags. 20. desember s.l., og var kæranda veittur frestur til að skila inn athugasemdum við greinargerðina til 15. janúar 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 18. janúar segir að greinargerð tollstjóra gefi ekki tilefni til sérstakra athugasemda af hálfu kæranda og eru kröfur ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um réttmæti endurákvörðunar tollstjóra á fjórar sendingar sem fluttar voru til landsins á árabílinu 1998 til 2001. Sendingarnar nutu fríðindameðferðar EUR-samningsins. Við könnun breskra tollyfirvalda kom í ljós að seljandi vörunnar gat ekki sýnt fram á að varan uppfyllti þau skilyrði sem til þarf til að njóta fríðindameðferðar. Kærandi krefst þess að kæran verði felld úr gildi þar sem innflytjandi beri ekki ábyrgð á útgáfu EUR- skírteinisins og hafi verið í góðri trú. Til vara að endurákvörðunin verði lækkuð. Þá er gerð krafa um að kæranda verði dæmdur málskostnaður.

Kærandi heldur því fram að innflytjandi hafi verið í góðri trú er hann flutti inn vöru þá sem tollstjóri endurákvæði gjöld af og telur að hinn erlendi seljandi beri ábyrgð í málinu. Enn fremur að tollstjóri hafi átt að hafa 2. mgr. 99. gr. tollalaga til hliðsjónar þegar niðurstaða hinna bresku tollyfirvalda lá fyrir, þ.e. að endurákvörðun gjalda hefði átt að eiga sér stað innan 60 daga frá innflutningi vörunnar.

Upplýst er að vara þessi var flutt inn í EDI tollmeðferð (sem var undanfari svokallaðrar SMT tollafgreiðslu), þ.e. með rafrænni tollafgreiðslu. Það er því ljóst að mati nefndarmanna að innflytjandi ber ábyrgð á að þær upplýsingar sem fram koma í aðflutningsskýrslu séu réttar svo og gögn er að baki þeim liggja. Enn fremur að heimild tollstjóra til endurákvörðunar er skv. 5. mgr. 3. lið 99. gr. tollalaga. Til áréttingar er bent á að í 16. gr. tollalaga segir: "Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammakeyti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Þessi málsgrein tekur til innflytjanda og annarra sem ráðstafa vöru til SMT-tollafgreiðslu, auk aðila sem heimild hafa til að skuldbinda þá."

Kærandi gerir mikið úr þeim langa tíma sem liðinn sé frá tollafgreiðslu vörunnar til þess tíma þegar tollstjóri endurákvæði gjöldin og telur framgang tollstjóra ekki í anda stjórnsýslulaga. Ríkistollanefnd getur vissulega tekið undir það með kæranda að tíminn er óheppilega langur. Hins vegar telur nefndin með vísan til rökstuðnings tollstjóra, sbr. og tilvitnaðan dóm Hæstaréttar nr. 386/2003 að lagaheimild tollstjóra sex ár aftur í tímann sé ótvíræð og eigi hér við. Hvað stjórnsýslulögnum viðvíkur er það mat ríkistollanefndar að tollstjóri hafi virt ákvæði þeirra í hvívetna við afgreiðslu málsins og síðan endurákvörðun gjalda. Hann gætti bæði andmæla- og málskotsréttar og jafnframt gætti hann upplýsingaskyldu sinnar. Þá er ljóst að tollstjóri kemur til móts við kæranda að því er tímann varðar með því að reikna dráttarvexti frá október 2003. Enda þótt deila megi um heimild tollstjóra til þessa gerir ríkistollanefnd ekki

athugasemd við þessa afgreiðslu tollstjóra. Sá aðili sem kærandi getur kvartað undan er að sjálfsögðu hinn erlendi seljandi sem einhverra hluta vegna gefur yfirlýsingu sem hann getur ekki staðið við. Á því hlýtur hann að sjálfsögðu að bera endanlega ábyrgð.

Hvað varðar kröfu kæranda um málskostnað er kröfunni hafnað á þeim forsendum að ríkistollanefnd skortir lagaheimild til að úrskurða um hann.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að EUR meðferð á vörum sem fluttar voru inn í sendingum E LAG 02 11 8 GB IMM J009, E LAG 23 08 9 GB IMM J100, E HAD 28 02 0 GB IMM J035, E LAG 23 10 0 GB IMM J033 er hafnað og hinn kærði úrskurður tollstjóra, dags. 22. september 2004, staðfestur.